

## FS: Jónsgarður

**Til** : Bryndís Ósk Jónsdóttir  
**Frá** : Almennur póstur  
**Heiti** : FS: Jónsgarður  
**Málsnúmer** : 2020120011  
**Málsaðili** : Guðfinna Sigmundsdóttir  
**Skráð dags** : 30.11.2020 09:20:39  
**Höfundur** : Almennur póstur

### Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi

450 8038 - [tinnaolafs@isafjordur.is](mailto:tinnaolafs@isafjordur.is)

**Frá:** Karlinna Sigmundsdóttir

**Sent:** sunnudagur, 29. nóvember 2020 11:59

**Til:** Ísafjarðarbær

**Efni:** Fwd: Jónsgarður

Bæjarstjórn Ísafjarðar  
Stjórnsýsluhúsinu  
400 Ísafirði

Kópavogur 29.11.2020

### Efni: Jónsgarður

Bréf þetta er ritað fyrir hönd afkomanda Jóns Jónssonar og Karlinnu Jóhannesdóttur. Mörg eru sporin sem við höfum átt í þessum garði í gegn um tíðina þegar garðurinn var prýði bæjarins.

Sárt er að koma í garðinn núna og sjá að í hvaða ástandi hann er. Ljóst er að bæjaryfirvöld hafa ekki sett næga fjármuni í viðhald og umhirðu á garðinum og þannig viðhaldið því hugsjónarstarfi sem Blóma- og trjáræktarfélag Ísafjarðar byrjuðu á í kringum 1922.

Við skorum á bæjarstjórn að sýna frumkvöðlunum og bæjarbúum öllum þann sóma að leggja verulega fjármuni í að laga garðinn. Brýn nauðsyn er að klippa tré, hreinsa beð og planta nýjum blómum og trjám. Gera þarf garðinn aðgengilegan fyrir alla með stígum og bekkjum svo hægt sé að eiga þarna gæðastundir.

Fyrir nokkrum árum átti að sýna Jóni og Karlinnu sóma með að reisa minnisvarða um þau í garðinum en nú sérst varla í hann fyrir órækt.

Hægt er að lesa um sögu garðsins í grein eftir Braga Bergsson í Skógræktarritinu 2 tbl. frá 2016.

Kópavogur 29.11.2020

F.h. afkomenda Jóns og Karlínu

Guðfinna Sigmundsdóttir

Lækjasmári 11

201 Kópavogur.

[Email guðfinnas@simnet.is](mailto:guðfinnas@simnet.is)